

10. FUNDUR Í ÚTHLUTUNARNEFND UPPBYGGINGARSJÓÐS VESTURLANDS

BORGARNESI, FIMMTUDAGINN 7. MARS 2019 KL. 10:00

Fundur haldinn í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vesturlands, fimmtudaginn 7. mars kl. 10:00 á skrifstofu SSV í Borgarnesi.

Mætt voru: Sigríður Finsen, Sigrún Lilja Einarsdóttir, Kristján Sturluson. Helena Guttormsdóttir, formaður (frá 10:30) og Brynjar Sigurðarson (frá 11:25).

Auk þess sátu starfsmenn SSV fundinn að hluta eða í heild: Ólafur Sveinsson (Atvinnu- og nýsköpunarstyrki), Ólöf Guðmundsdóttir (Atvinnu- og nýsköpunarstyrki og Stofn- og rekstrarstyrki), Elísabet Haraldsdóttir (Stofn- og rekstrarstyrki og menningarstyrki), Páll Brynjarsson (Stofn- og rekstrarstyrki og menningarstyrki) og Svala Svavarsdóttir (allan fundinn) sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. FUNDARSETNING

Sigríður Finsen setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. UMSÓKNIR UM STYRKI TIL MENNINGARVERKEFNA OG STOFN- OG REKSTRARSTYRKJA 2019

Úthlutunarnefnd fór yfir allar umsóknir sem bárust í hluta stofn- og rekstrarstyrkja og ræddu mat fagráðs. Samþykkt var að úthluta kr. 7.413.000 til 12 umsókna en alls bárust 20 umsóknir í þann hluta.

Næst var farið yfir umsóknir í hluta menningarstyrkja. Elísabet Haraldsdóttir benti á að það væru 3 fullkláraðar umsóknir í menningarhlutanum sem ekki skiluðu sér inn og voru ennþá í yfirferð hjá umsækjendum en um er að ræða umsóknir þar sem umsækjendur töldu að þeir hefðu skilað inn. Málið var rætt og niðurstaðan varð að ekki er hægt að taka umsóknirnar inn sem gildar þar sem þær bárust ekki inn. Rætt um tæknilegu hliðina á umsóknarferlinu og ákveðið að skoða vel ferla og skýrleika í umsóknarforminu.

Úthlutunarnefnd fór yfir umsóknir í hluta Menningarstyrkja og ræddi mat fagráðs. Samþykkt var að úthluta kr. 25.650.000 til 54 umsókna en alls bárust 76 umsóknir í þann hluta.

Sigrún Lilja Einarsdóttir fór af fundi.

3. UMSÓKNIR UM STYRKI TIL ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARSTYRKJA 2019

Atvinnuráðgjafarnir, Ólafur Sveinsson og Ólöf Guðmundsdóttir gerðu grein fyrir mati fagráðs á umsóknum um styrki til atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Úthlutunarnefnd fór yfir allar umsóknirnar og ræddi mat fagráðs. Samþykkt var að úthluta kr. 13.775.000 til 16 umsókna en alls bárust 34 umsóknir í þann hluta.

4. Niðurfelling eldri styrkja

Á síðasta fundi var ákveðið að starfsmenn SSV færu yfir eldri styrki sem umsækjendur hafa ekki klárað skil á. Svala Svavarsdóttir kynnti niðurstöðu niðurfellinga. Samþykkt að fella niður styrki að upphæð kr. 2.437.500 í atvinnu- og nýsköpunarhluta og kr. 3.725.000 í menningarhluta. Alls kr. 6.162.500 sem fer til endurúthlutunar.

5. Úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs

Rætt um úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs. Páll Brynjarsson tilkynnti að hún færi fram í Ólafsvík þann 22. mars n.k.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:55.